

## Flutningstrygging B

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinna umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framar almennum skilmálum, þó þannig að sértaðar reglur ganga ávaltt framar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framar frávirkjanlegum lagaákvæðum.

### Tjónagrunnur:

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarþóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer málssjá félagit
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetning tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

## Efnisyfirlit

---

1.	Bótaskyldar áhættur .....	3
2.	Það sem bætist ekki .....	3
3.	Gildistími .....	4
4.	Nánar um gildistíma við lok flutnings .....	4
5.	Breyting á ákvörðunarstað .....	5
6.	Tjónakröfur .....	5
7.	Nánar um ákvörðun bóta .....	5
8.	Altjón .....	5
9.	Verðaukatrygging .....	5
10.	Hagsmunir af vátryggingunni - Hverjir eru vátryggðir? .....	5
11.	Skyldur vátryggðs .....	6
12.	Björgunarráðstafanir .....	6
13.	Tafir .....	6
14.	Vátryggingarfjárhæð - eigin áhætta .....	6
15.	Hvernig eru bætur ákvarðaðar? .....	6
16.	Undirtrygging .....	6
17.	Tvítrygging .....	7
18.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar .....	7
19.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði .....	7
20.	Brot á varúðarreglum .....	7
21.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun .....	7
22.	Aukin áhætta .....	7
23.	Tilkynning um tjón .....	8
24.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning .....	8
25.	Endurkröfuréttur .....	8
26.	Ágreiningur um bætur .....	8
27.	Varnarping .....	8
28.	Vernd persónuupplýsinga .....	8

## 1. Bótaskyldar áhættur

Með þeim undantekningum, sem taldar eru í grein nr. 2 hér að neðan, bætir vátrygging þessi:

- 1.1 Tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þegar eðlilegt má telja, að orsakir séu þessar:
  - 1.1.1 Eldur eða sprenging.
  - 1.1.2 Skip eða flutningsfar strandar, tekur niðri, sekkur eða hvolfir.
  - 1.1.3 Flutningstæki á landi hvolfir eða fer út af spori.
  - 1.1.4 Skip, flutningsfar eða flutningstæki rekst á eða snertir fastan eða fljótandi ytri hlut.
  - 1.1.5 Losun á farmi í neyðarhöfn.
  - 1.1.6 Jarðskjálfti, eldgos eða elding.
- 1.2 Tap eða skemmdir á hinu vátryggða, sem stafa af:
  - 1.2.1 Samtjónsfórn.
  - 1.2.2 Að farmi er varpað fyrir borð eða honum skolar fyrir borð.
  - 1.2.3 Að sjór eða ósalt vatn úr stöðuvatni eða á kemst í skip, flutningsfar eða flutningstæki, gáma, flutningavagna eða geymslustað.
- 1.3 Altjón á sjálfstæðum einingum, sem falla fyrir borð eða detta niður við lestun eða losun skips, flutningsfars eða flutningstækis.
- 1.4 Vátrygging þessi bætir samtjónsframlög og björgunarkostnað, sem jafnað er niður eða ákveðinn er samkvæmt flutningssamningnum og/eða gildandi lögum og venjum og stofnað er til í þeim tilgangi að forðast hverskonar tjón, önnur en þau, sem undanskilin eru í grein nr 2 eða öðrum greinum í skilmálum þessum.
- 1.5 Vátrygging þessi bætir og hluta vátryggðs vegna skaðabótaskyldu, sem á hann kann að falla vegna ákvæðis í flutningssamningi um beggja sök í árekstri (Both to Blame Collision Clause) vegna tjóns, sem bótaskilt er samkvæmt vátryggingu þessari. Komi fram krafa skipseiganda á hendur vátryggðum vegna þessa ákvæðis fellst vátryggður á, að tilkynna það félaginu, sem áskilur sér rétt til, á sinn kostnað, að verja vátryggðan gegn slíkri kröfum.

## 2. Það sem bætist ekki

- 2.1 Vátrygging þessi bætir aldrei það, sem hér er talið:
  - 2.1.1 Venjulegan leka, venjulega rýrnun í þunga eða rúmmáli, eðlilegt slit eða tæringu á hinu vátryggða.
  - 2.1.2 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum, eða af lílegum frágangi á hinu vátryggða. Undir þetta ákvæði fellur frágangur í gáma og flutningsvagna, en aðeins þegar gengið hefur verið frá hinu vátryggða áður en vátryggingin tók gildi, ellegar þegar vátryggður eða menn í hans þjónustu sáu um fráganginn.
  - 2.1.3 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af innri skemmd eða eðli hins vátryggða.
  - 2.1.4 Tap, skemmdir eða kostnað, sem fyrst og fremst stafar af töf, jafnvel þótt töfin hafi orðið vegna bótaskyldrar áhættu. Þetta gildir þó ekki um kostnað sem fellur undir grein nr. 1.4 hér að framan.
  - 2.1.5 Tap, skemmdir eða kostnað, sem stafar af gjaldþroti eða fjárhagslegum vanefndum eiganda skips, leigutaka eða rekstraraðila þess.
  - 2.1.6 Skemmdarverk, sem af ásetningi er unnið á hinu vátryggða, hver sem í hlut á.
  - 2.1.7 Tap, skemmdir eða kostnað, sem leiðir af notkun stríðsvopns með atom eða kjarnaklofnun og/eða samruna eða annarri hliðstæðri virkni eða geislavirkni.

- 2.2 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af því að skip eða flutningsfar er óhaffært skip, flutningsfar, flutningstæki, gámur eða flutningsvagn er óhæfur til öruggs flutnings á hinu vátryggða, ef vátryggður sjálfur eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var, þegar hið vátryggða var lestað.
- 2.3 Félagið mun ekki bera fyrir sig þá vörn gegn bótakröfu, að skipið hafi ekki verið haffært eða hæft til flutnings á hinu vátryggða til ákvörðunarhafnar, ef hvorki vátryggður eða menn í hans þjónustu vissu um það, sem áfátt var.
- 2.4 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem stafar af:
  - 2.4.1 Stríði, borgarastyrjöld, byltingu, vopnaðri eða óvopnaðri uppreisn, borgararóstum þessu samfara, eða fjandsamlegum aðgerðum af hendi stríðsaðila eða gegn honum.
  - 2.4.2 Hernámi, töku með valdi, farbanni, fartöf eða kyrsetningu og afleiðingum af þessu eða tilraunum til þessa.
  - 2.4.3 Yfirgefnu tundurdufli, tundurskeyti, sprengju eða öðrum yfirgefnum stríðsvopnum.
- 2.5 Vátrygging þessi bætir aldrei tap, skemmdir eða kostnað sem:
  - 2.5.1 menn í verkfalli eða verkbanni valda, eða þátttakendur í vinnuóeirðum, uppbótum eða borgararóstum,
  - 2.5.2 hermdarverkamenn valda eða þátttakendur í pólitískum aðgerðum.

### 3. Gildistími

- 3.1 Vátryggingin hefst um leið og sjálfur flutningurinn; þegar hið vátryggða er tekið úr húsi eða annarri geymslu á sendingarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu og heldur gildi á venjulegri flutningsleið og lýkur við það, sem fyrst gerist af þessu þrennu:
  - 3.1.1 Við komu hins vátryggða í hús móttakanda eða í aðra endanlega geymslu á ákvörðunarstaðnum, sem nefndur er í skírteininu.
  - 3.1.2 Við komu í annað hús eða geymslu á ákvörðunarstaðnum eða á leið þangað, sem vátryggður kann að velja annaðhvort til:
    - 3.1.2.1 geymslu, sem ekki telst til venjulegrar flutningsleiðar eða
    - 3.1.2.2 sölu eða dreifingar eða
  - 3.1.3 sextíu dögum eftir að hið vátryggða var losað úr skipinu í endanlegri uppskipunarhöfn.
- 3.2 Ef hið vátryggða er losað í endanlegri uppskipunarhöfn og ákveðið verður, áður en vátryggingunni lýkur, að senda það annað en til ákvörðunarstaðarins, þá lýkur vátryggingunni eins og kveðið er á um hér að framan, en þó aldrei síðar en þegar flutningurinn til nýja ákvörðunarstaðarins hefst.
- 3.3 Vátryggingin heldur gildi sínu (með sömu ákvæðum um slit hennar eins og að framan greinir og ákvæðum í grein nr. 4 hér á eftir) ef töf verður á ferð, sem vátryggður fær ekki um ráðið, svo og þegar vikið er af leið, losað í neyð, endurlestað eða umskipað eða meðan á sérvverri breytingu á ferð stendur, ef þetta á sér stað samkvæmt heimild í flutningssamningi við eiganda skips eða leigutaka þess.

**ATHUGIST VEL:-** Ef upp koma tilvik þar sem vátryggingu þessari er haldið áfram í gildi, er nauðsynlegt, að vátryggður tilkynni félaginu það án tafar. Réttur til slíkrar áframhaldandi vátryggingarverndar er háður því, að skyldu þessari verði fullnægt.

### 4. Nánar um gildistíma við lok flutnings

- 4.1 Ef flutningnum verður slitið áður en honum átti að ljúka eða flutningum lýkur á annan hátt áður en hið vátryggða kemst til skila á ákvörðunarstaðnum, sbr. grein nr. 3 hér að framan, og vátryggður fær engu um þetta ráðið, þá lýkur vátryggingunni um leið, nema vátryggður tilkynni félaginu þegar í stað um það,

hvernig komið er og biður um framhaldstryggingu og heldur þá vátryggingin gildi sínu (gegn viðbótariðgjaldi, ef krafist verður) annaðhvort:

- 4.1.1 þar til hið vátryggða er selt í slíkri höfn eða í 60 daga eftir komu hins vátryggða til slíkrar hafnar eða staðar, hvort heldur fyrr verður eða
- 4.1.2 ef hið vátryggða er sent áfram innan nefndra 60 daga til ákvörðunarstaðar, sem nefndur er í skírteini þessu eða annars ákvörðunarstaðar þar til vátryggingunni lýkur í samræmi við ákvæði 3. greinar hér að framan.

## 5. Breyting á ákvörðunarstað

- 5.1 Ef vátryggður breytir um ákvörðunarstað eftir að vátryggingin hófst, skal hann tilkynna það félaginu tafarlaust. Félagið mun þá halda vátryggingunni í gildi með þeim breytingum á skilmálum og iðgjaldi sem um semst.

## 6. Tjónakröfur

- 6.1 Vátryggður getur ekki krafið félagið um bætur, nema hann hafi átt vátryggingarhæfa hagsmuni í hinu vátryggða á þeim tíma, þegar tjón varð.
- 6.2 Nú verður bótaskylt tjón á vátryggingartímabilinu, en þó áður en gengið hafði verið frá vátryggingarsamningnum, og á þá vátryggður rétt á bótum, nema hann hafi vitað um tjónið, en félagið ekki, enda ákvæðum greinar 6.1 fullnægt.

## 7. Nánar um ákvörðun bóta

- 7.1 Ef umsaminni ferð verður slitið áður en henni lýkur, vegna bótaskyldrar áhættu, bætir félagið eðlilegan kostnað við að losa hið vátryggða, geyma það og senda áfram til ákvörðunarstaðar vátryggingarinnar.
- 7.2 Ákvæði 7. greinar gildir ekki um samþjónsframlög og björgun, og er háð ákvæðum í grein nr. 2 hér að framan svo og nær vátryggingin ekki til kostnaðar, ef hann stafar af yfirsjón, vanrækslu, gjaldþrotri eða fjárhagslegum vanefndum vátryggðs eða manna í hans þjónustu.

## 8. Altjón

- 8.1 Tjón telst ekki jafngilda altjóni, nema hið vátryggða hafi verið yfirgefið, annaðhvort vegna þess, að algjört tjón á því hafi virst óumflýjanlegt, eða kostnaður við að bjarga því, gera við það og senda það áfram til ákvörðunarstaðar vátryggingarinnar fari fram úr verði þess þar.

## 9. Verðaukatrygging

- 9.1 Taki vátryggður verðaukatryggingu á því, sem vátryggt er samkvæmt skírteini þessu, telst umsamið verðmæti þess hækka og verða samanlögð upphæð þessarar vátryggingar og allra verðaukatrygginga. Félagið bætir þá tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skírteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið. Ef tjón verður er vátryggðum skylt að sanna fyrir félaginu vátryggingafjárhæðir allra annarra vátrygginga.
- 9.2 Ef þessi vátrygging er verðaukatrygging gilda eftirfarandi ákvæði:  
Umsamið verð hins vátryggða telst vera samanlagt vátryggingarverð upphaflegu vátryggingarinnar og allra verðaukatrygginga, sem vátryggður hefur tekið og bætir þá félagið tjón og ábyrgð í því hlutfalli, sem upphæð þessa skírteinis er miðað við heildarvátryggingarverðið. Ef tjón verður er vátryggðum skylt að sanna fyrir félaginu vátryggingafjárhæðir allra annarra vátrygginga.

## 10. Hagsmunir af vátryggingunni - Hverjir eru vátryggðir?

- 10.1 Vátryggingin er til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.
- 10.2 Veðhafar eða aðrir eigendur óbeinna eignarréttinda eiga ekki rétt samkvæmt vátryggingunni, nema sérstaklega sé um það samið við félagið.

- 10.3 Farmflytjandi og aðrir vörlumenn hins vátryggða, meðan á flutningi stendur, njóta ekki vátryggingarverndar samkvæmt skírteini bessu.

## 11. Skyldur vátryggðs

- 11.1 Þegar hætta er á, að bótaskylt tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið, er vátryggðum og mönnum í hans þjónustu og umboðsmönnum hans skyld að:
- 11.1.1 gera ráðstafanir, sem sanngjarnlega má af þeim krefjast til að afstýra tjóninu eða draga úr því og
  - 11.1.2 trygga að allur réttur gagnvart farmflytjanda og öllum öðrum aðilum haldist og verði beitt og mun félagið greiða allan sanngjarnan kostnað þessu samfara auk vátryggingabóta fyrir tjónið.

## 12. Björgunarráðstafanir

- 12.1 Ráðstafanir, sem vátryggður eða félagið gerir til að bjarga, vernda eða endurheimta hið vátryggða, skal ekki litið á sem afsal eða samþykki á altjóni né rýra rétt hvorugs aðila.

## 13. Tafir

- 13.1 Það er skilyrði fyrir vátryggingu þessari, að vátryggður bregðist í öllum tilvikum eins fljótt við og sanngjarnlega má ætlast til af honum.

## 14. Vátryggingarfjárhæð - eigin áhætta

- 14.1 Í vátryggingarskírteini eða iðgaldskvittun er getið um vátryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu.
- 14.2 Tjón bætast í samræmi við þá vátryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu.

## 15. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

- 15.1 Bætur miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að fjárhagsleg staða vátryggðs verði hin sama og fyrir tjónið.
- 15.2 Hið vátryggða bætist að hámarki með þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgaldskvittun.
- 15.3 Bótafjárhæðir skulu taka mið af kostnaði við viðgerð á skemmdum mun eða öflun samsvarandi eða að verulegu leyti samsvarandi munar. Félaginu er í sjálfsvald sett hvort það bætir tjón með peningagreiðslu, greiðir kostnað af fullnæggjandi viðgerð á hinum skemmda hlut eða afhendir vátryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins vátryggða.
- 15.4 Bætur greiðast á grundvelli verðs á nýjum hlutum. Frádráttur vegna aldurs og notkunar kemur því aðeins til greina, að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir vátryggðan.
- 15.5 Ef vátryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu vátryggða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.
- 15.6 Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

## 16. Undirtrygging

Nauðsynlegt er að vátryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins vátryggða. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna vátryggðu hagsmunu, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á vátryggingarfjárhæðinni og verði hins tryggða.

## 17. Tvítrygging

- 17.1 Ef hagsmunir þeir sem vátrygging þessi tekur til eru einnig vátryggðir með annarri vátryggingu getur vátryggður valið úr hvaða vátryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfу til.
- 17.2 Ef fleiri en eitt vátryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

## 18. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

- 18.1 Upplýsingar um áhættuna

Hafi vátryggingartaki eða vátryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þyðingu fyrir mat félagsins á áhættu og vátryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004. Hafi vátryggingartaki eða vátryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

- 18.2 Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef vátryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara.

## 19. Vátryggður veldur vátryggingaratburði

- 19.1 Ásetningur

Hafi vátryggður hefur af ásetningi valdið því að vátryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

- 19.2 Stórkostlegt gáleysi

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

## 20. Brot á varúðarreglum

- 20.1 Varúðarreglur eru háttensisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr vátryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

## 21. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun

- 21.1 Ákvæði sem kveða á um að réttur vátryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi maka vátryggðs sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b. liður 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.
- 21.2 Þegar vátrygging tengist atvinnustarfsemi á hið sama við um bótarétt vátryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna vátryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

## 22. Aukin áhætta

- 22.1 Vátryggingartaki skal tilkynna félagini tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu. Sé látið hjá líða að veita félagini slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

## 23. Tilkynning um tjón

23.1 Tjón skal tilkynna félagini svo fljótt sem verða má. Vátryggður skal gefa félagini kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.

## 24. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

24.1 Vátryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félagini ekki um kröfú sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málssins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingsmálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfú hans væri hafnað, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004.

24.2 Krafa vátryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. laga nr. 30/2004.

## 25. Endurkröfuréttur

25.1 Eigi vátryggður fébótakröfur á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Vátryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmunu sinna.

## 26. Ágreiningur um bætur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingsmálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingsmálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingsmálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 27. Varnarþing

27.1 Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félagini út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 28. Vernd persónuupplýsinga

- 28.1 Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsingar nr. 77/2000 ásá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félagini um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.
- 28.2 Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingavernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.
- 28.3 Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Vátryggingarsilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006

[Efst á skjal](#)